REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012.

1. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlits“ í 3.1.3. gr. reglugerðarinnar kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

2. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlits“ í 6. mgr. 3.8.1. gr. reglugerðarinnar kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

3. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 6. mgr. 3.8.1. gr. reglugerðarinnar kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðiseftirlits“ í 6.8.4. gr. reglugerðarinnar kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

5. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar viðkomandi svæðis“ í 1. mgr. 6.8.5. gr. reglugerðarinnar kemur: Matvælastofnunar.

6. gr.

Orðin „og heilbrigðiseftirlits“ í 1. mgr. 6.8.6. gr. reglugerðarinnar falla brott.

7. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 2. mgr. 6.11.4. gr. reglugerðarinnar kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 1. mgr. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, öðlast gildi 1. janúar 2027.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 26. október 2026.

Ragnar Þór Ingólfsson
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hildur Dungal.

B deild - Útgáfudagur: 10. nóvember 2026